

Reykjavík, 17. febrúar 2020

Efni: Áminning vegna niðurstöðu gæðaeftirlits 2019

Í samræmi við ákvæði VII. kafla laga nr. 79/2008 um endurskoðendur sættuð þér gæðaeftirliti 2019 sem lauk með skýrslu gæðaeftirlitsmanna.

Gæðaeftirlitið hefur það markmið að ganga úr skugga um að endurskoðendur hlíti ákvæðum laga um endurskoðendur og skiptist það í fimm hluta. Fyrsti hluti snýr að því að kanna hvort endurskoðendur uppfylli skilyrði í II. kafla laganna um réttindi endurskoðenda. Annar hluti fjallar um athugun á því hvort tekið hafi verið upp gæðakerfi, sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna. Þriðji hluti gæðaeftirlitsins beinist síðan að því hvort endurskoðendur fari að bráðabirgðaákvæði II um góða endurskoðunarvenju við framkvæmd endurskoðunar skv. 9. gr. laganna. Fjórði hluti gæðaeftirlitsins beinist að einingum tengdum almannahagsmunum og fimmti hluti eftirlitsins beinist að aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Gæðaeftirlitið fór fram þann 22. nóvember 2019 samkvæmt reglum nr. 712/2015 um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda með síðari breytingum. Endurskoðendaráði hefur nú borist niðurstaða gæðaeftirlitsmanna í samræmi við 10. gr. reglnanna.

Gæðaeftirlitsmenn gerðu fjölda athugasemda/ábendinga við vinnu yðar vegna þess verkefnis sem farið var yfir í gæðaeftirliti 2019. Endurskoðendaráð fór yfir skýrslu gæðaeftirlitsmanna og var það niðurstaða ráðsins að gera þyrfti margvíslega ábendingar og athugasemdir við vinnu yðar vegna þessa verkefnis. Taldi endurskoðendaráð þá koma til greina að veita yður áminningu og að boða yður í endurtekið eftirlit. Var þér vegna þessa veittur andmælaréttur.

Í bréfi yðar, sem barst ráðinu, 16. janúar 2020 upplýstuð þér að ekki væru gerðar athugasemdir við efni bréfs endurskoðendaráðs til yðar.

Er það niðurstaða endurskoðendaráðs að gera þurfi eftirfarandi athugasemdir/ábendingar.

Ábendingar

Bent er á að skjala mætti betur hvaða önnur þjónusta er veitt og mat á sjálfsmatsógn sem af henni getur leitt í samræmi við 11. gr. ISA 220.

Bent er á að ekki hefur verið skráð með hvaða hætti félagið fjármagnar sig samanber 11. gr. ISA 315.

Bent er á að bæta mætti öflun viðeigandi og nægjanlegra endurskoðunargagna í samræmi við 20-24 gr. ISA 550.

Bent er á að hönnun og framkvæmd endurskoðunaraðgerða eru ekki fullnægjandi í samræmi við 6. gr. ISA 500. Skjölun endurskoðanda er ekki í samræmi við 28. gr. ISA 330.

Athugasemdir

Gerð er athugasemd við að í gæðahandbók er ekki tekið sérstaklega á hvað varðar gæðamat: að skoðuð sé skráning á mikilvægum matskenndum liðum, mat teymist og niðurstöður í samræmi við 37. gr. ISQC 1 og að skjölun á verulegum matsliðum sé fullnægjandi í samræmi við 38. gr. ISQC 1.

Gerð er athugasemd við að reglur um vöktun eru til staðar í samræmi við 48. gr. ISQC 1 en vöktun hefur ekki átt sér stað.

Gerð er athugasemd við að í ráðningarbréfi kemur ekki skýrt fram hver sé ábyrgð endurskoðanda samanber b. lið 10. gr. ISA 210.

Gerð er athugasemd við að skráning á skoðun á gögnum til að afla skilnings og meta áhættu var ekki skráð í endurskoðunargögn samkvæmt 6. gr. ISA 315.

Gerð er athugasemd við að skjölun á þekkingu á innra eftirliti viðskiptavinar er ekki til staðar samanber 12. gr. ISA 315.

Gerð er athugasemd við að gögn sem metin eru til að taka ákvörðun um hættuna á venjulegri skekkju eru ekki nægjanleg, m.a. hvað varðar sniðgöngu stjórnenda og rekstrarhæfi félagsins.

Gerð er athugasemd við að ekki er rekjanlegt hvaða endurskoðunarfirmæli taka á hvaða staðhæfingu stjórnanda. Endurskoðunarfirmælin byggja ekki á því mati sem gert var við áhættumat í upphafi endurskoðunar í samræmi við 9. gr. ISA 300.

Gerð er athugasemd við að gagnaendurskoðun er ekki í samræmi við 18. gr. og 21. gr. ISA 330.

Gerð er athugasemd við að ekki er sýnileg yfirferð eða skráning á afstemmingu reikningsskila við undirliggjandi aðalbók/bókhaldsgögn eða lokafærslur í samræmi við 20. gr. ISA 330.

Gerð er athugasemd við að ekki var lagt mat á hæfni aðkeyprar þjónustu í samræmi við 12. gr. ISA 620.

Gerð er athugasemd við að greiningaraðgerðir við lok endurskoðunarinnar voru ekki framkvæmdar í samræmi við 6. gr. ISA 520.

Gerð er athugasemd við að ekki var tilgreint í staðfestingarbréfi frá stjórnendum forsendur mikilvægs reikningshaldslegs mats í samræmi við 22. gr. ISA 540 né staðfesting varðandi lagaleg álitæfni og kröfur í samræmi við 12. gr. ISA 501.

Gerð er athugasemd við að ekki var til staðar nein skráning um að lagt hafi verið mat á lagaleg álitæfni og kröfur né að það sé ekki til staðar samanber 9-11. gr. ISA 501.

Gerð er athugasemd við að ekki var hægt að staðfesta að frágangur og varðveisla endurskoðunargagna sé í samræmi við lið A21-A22 ISA 230.

Gerð er athugasemd við að ekki hefur verið farið fram á að prókúruhafar eða aðrir þeir sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins að þeir sönnuðu á sér deili í samræmi við 5. gr. laga nr. 64/2006.

Fyrir liggur að endurskoðendaráð gerir töluverðar athugasemdir og ábendingar við vinnu yðar við það verkefni sem skoðað var í gæðaeftirliti 2019. Ráðið telur því að ástæða sé til þess að beita yður viðurlögum samkvæmt 2. mgr. 48. gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun vegna niðurstöðu í gæðaeftirliti 2019. Er það því niðurstaða endurskoðendaráðs að veita yður áminningu samkvæmt 2. mgr. 48. gr. laga nr. 94/2019.

Endurskoðendaráð gerir kröfu um að þér bætið úr þeim athugasemdum og ábendingum sem gerðar voru hjá yður í gæðaeftirliti 2019. Til að sannreyna það hefur ráðið ákveðið að yður verði gert að sæta endurteknu gæðaeftirliti árið 2021. Hafi þá ekki verið bætt úr framangreindum annmörkum megið þér búast við að endurskoðendaráð grípi til frekari aðgerða.